

Uppeldi til ábyrgðar



Hvað er Uppbyggingastefnan ?



Hugmyndafræðin



Uppbygging



Vinna með nemendum



Aðdragandi og innleiðing í GG



Leiðarljós GG



Samskipti og skólabragur

Uppeldi til ábyrgðar

(Restitution–Self Discipline)

Hvað er Uppbyggingastefnan ?

Uppbyggingastefnan er uppeldisstefna sem miðar að því að kenna börnunum og unglingum

- ★ sjálfstjórn og sjálfsaga
- ★ að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum
- ★ að læra af mistökum í samskiptum og vaxa af því

Diane Gossen er höfundur þessarar stefnu og hennar skilgreining á henni er á þessa leið:

“Að skapa aðstæður til að leiðrétta mistök sín og gera betur og snúa aftur til hópsins hugdjarfari en fyrr”.



Hugmyndafræðin



Hugmyndafræðin að baki uppbyggingastefnunni er m.a sjálfstjórnarkenning Wiliam Glassers (Control Theory) en Samkvæmt henni

- ★ Stjórnnumst við af innri hvötum
- ★ Getum við aðeins stjórnað okkur sjálfum, ekki öðrum
- ★ Engir tveir einstaklingar líta raunveruleikann sömu augum
- ★ Hindrar umbunarkerfi fólk í að njóta nauðsynlegs frelsis.
- ★ Fáum við tækifærin til að læra, þegar okkur verður eitthvað á og við gerum mistök
- ★ Öll hegðun hefur tilgang og "slæma hegðun" veljum við til að forðast enn verri kost



Uppbygging

Að byggja upp sjálfstraust, sjálfuppbygging gerandans.



Uppbygging fjallar um gerandann hvernig hann byggir sig upp til að verða sá maður sem hann vill vera og telur sig fullsæmdan af eftir að hafa orðið á sú skyssa að hafa beitt rangindum.



Uppbygging fjallar þannig að mestu leyti um að ná aftur jafnvægi og sjálfstrausti.




Uppbygging

Uppbyggingaraðferðin er samtalsmeðferð til að hjálpa geranda. Hún er lífsgildismiðuð fremur en reglumiðuð og gengur út frá þremur grundvallarhugmyndum sem William Glasser hefur byggt samtalsmeðferð sína á og kallar " Reality Therapy"

*Við erum alltaf að gera okkar besta

*Öll hegðun hefur tilgang

*Við eigum hvert sína óskaveröld um hver við viljum vera; þegar þau lífsgildi stýra hegðun okkar erum við sátt



Uppbygging




Hughreysting / uppörvun

Það að uppbygging sé lífsgildismiðuð þýðir að spurningarnar sem notaðar eru leita uppi hærri vitundarstig barnsins, að lífsgildum þess eða dyggðum sem það sjálft metur mikils. Reglur samfélagsins og viðurlög við brotum á þeim eru einungis hafðar til vara, ef barnið neitar allri samvinnu.

Þetta eru setningar eins og :


- Þú þarft ekki að vera fullkominn.
- Ég lenti í svipuðu þegar ég var á þínum aldri.
- Það er í lagi að mistakast, þannig lærum við.
- Það dó enginn.
- Ég get hjálpað þér.
- Við getum saman fundið lausn á þessu.



Tilgangur hegðunar



- **Tilgangur hegðunarinnar** sem olli vandræðunum. Öll hegðun hefur tilgang og leggja þarf mat á hana .
- **Hvað græddir þú á þessu ?**
Að hvaða leyti kom það sér vel fyrir þig að gera það sem þú gerðir ?
- **Hvaða þörfum varstu að sinna?**
Það þarf að koma fram að tilgangurinn hafi í sjálfu sér verið í lagi þótt hegðunin hafi komið sér illa fyrir þolandann eða sé andstæð reglum. Þannig horfist gerandi í augu við sjálfan sig og getur síðan tekið næsta skref, sem það er að gera rétt.



Lífsgildi

Í óskaveröldinni viljum við gera rétt en ekki rangt.

Hvaða lífsgildi höfum við valið?

Hvað fannst okkur mikilvægast þegar við ræddum það í bekknum?

Finnst þér það líka eða er annað mikilvægara ?

Ef þér finnst það mikilvægt vildu þá gera gott úr þessu og leiðrétta það sem miður fór.

Ef barnið vill leiðrétta mistök sín fær það hjálp við að gera áætlun sem segir til um hvað, hvenær, hvernig og með hverjum það leiðréttir rangsleitni sína.

Í lok viðtals er gjarnan spurt:

Ef þú ferð eftir þessari áætlun, hvað segir það á um þig?

Er það það sem þú vilt ?

Vinna með nemendum

Mitt og þitt hlutverk



Í skólastofunni

Kennari /nemandi



Í frímínútum

Skólaliði/nemandi



Á göngum

Skólaliði/nemandi



Í matsal

Kennari, skólaliði/nemandi

Vinna með nemendum

ÞARFAHRINGURINN



Öruggt líf og heilsa

Fæði – Klæði – Svefn – Hreyfing - Húsaskjól

Ást og umhyggja

Að tilheyra

Eiga vini

Þykja vænt um

Taka þátt í

Vera með

Áhrifavald

Vera góður í

Finna mikilvægi sitt

Fá viðurkenningu

Standa sig vel

Ráða við

Frelsi og sjálfstæði

Geta valið sjálf (ur)

Ákveða sjálf(ur)

Eiga möguleika

Fá tækifæri

Gleði og ánægja

Skemmtun

Fagna

Hlátur

Læra nýja hluti

Vinna með nemendum



Bekkjarsáttmáli

1. Reglur heima skoðaðar

Reglur skráðar á töflu

Hvaða lífsgildi liggja að baki viðkomandi reglu

Hvers vegna er þetta mikilvægt


2. Nemendur skoða í hvernig bekk þeir vilja vera

Kennari skráir niður þau gildi sem fá flest atkvæði (3 – 5) gildi.

3. Sáttmáli útbúinn


4. Sáttmáli settur upp og allir skrifa undir

5. Sáttmáli settur upp í T og Y spjöld



Vinna með nemendum

T spjöld / Y spjöld



Vinna með nemendum

Óásættanleg hegðun

Æskileg hegðun

Stjórnleysi

Sjálfstjórn

Þetta gengur ekki

Svona viljum við vera



Skýr mörk



Aðdragandi og innleiðing

2002 – 2003 Endurskoðun á skólareglum hefst

2003 – 2004 Endurskoðun lokið. Framsetning skoðuð – Garðaskóli - Uppbyggingastefnan.

Vor 2004 fara nokkrir kennarar á námskeið Uppbygging I á Álftanesi þar sem fyrirlesari var Judy Anderson

2004 – 2005 Kennurum kynnt í megin dráttum efni námskeiðsins. Magna Hjálmarsson fenginn til að kynna starfsfólki Uppbyggingastefnuna og í framhaldi af því er ákvörðun tekin um að hefja innleiðingu á hugmyndafræði hennar.

Námskeiðið uppbygging 1 var haldið í skólanum fyrir starfsfólk og sáu Magni Hjálmarsson og Guðlaug Erla Gunnarsdóttir um það. Vor 2005 fara nokkrir kennarar á námskeið á Álftanesi þar sem Diane Gossen er með námskeiðið uppbygging II

Aðdragandi og innleiðing

2005-2006 Innleiðing og Uppbygging II haldin í skólanum Guðlaug Erla Gunnarsdóttir og Hildur Karlsdóttir sáum um það. 

Nokkrir sóttu námskeiðið Uppbygging II og aðrir Sjálfstjórn í mars 2006 en þar var Judy Anderson aftur mætt.

Útgáfa og kynning á skólareglum Samskipti og skólabragur.
Stýrihópur stofnaður.

2006 – 2007 Áframhaldandi innleiðing. Nýir kennarar sækja námskeið í Uppbyggingu I, stýrihópur stofnaður, Náms og kynnisferð starfsfólks til Minnieapolis. Hópurinn sótti námskeið Uppbygging II og III og CONTROL THEORY (Diane Gossen, Judy Anderson og Teresa Rosen) og heimsótti skóla þar sem hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar var í gangi.



Leiðarljós Grunnskóla Grindavíkur

Við viljum :

- 😊 Skapa þannig umhverfi, í samráði við foreldra, að öllum líði vel og allir læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu.
- 😊 Að frá skólanum fari einstaklingar sem tilbúnir eru til þess að takast á við eigin framtíð.